

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
6. fundur þriðjudaginn 19. febrúar 2019 kl. 9
Nefndasvið Alþingis

F U N D A R G E R ð

Mætt: Bryndís Hlökkversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Magnús Karel Hannesson (MKH), Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ) og Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHP). Einnig sat fundinn Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Persónuvernd.

Gestir: Þórður Sveinsson, Vigdís Eva Líndal og Valborg Steingrímsdóttir.

Persónuvernd fylgir eftir umsögn sinni til starfshópsins dags. 4. febrúar 2019. Í umræðum kom m.a. fram:

- Stofnunin stendur við það sem kemur fram í fyrri álitum Persónuverndar og nefnd eru í umsögninni.
- Vísað til skýrsla bresku persónuverndarstofnunarinnar (Information Commissioner's Office) þar sem hún hefur lagt í mikla vinnu við að skoða kosningaframkvæmd í kjölfar Cambridge Analytica málsins. Út hafa komið tvær skýrslur á vegum ICO og það sem vekur eftirtekt er gríðarlegt umfang gagna sem eru undir, verið að nýta stóra gagnabanka, t.d. persónuleikapróf á facebook, markaðstorg á netinu o.fl. til að hafa áhrif á kosningar.
- Ýmislegt hefur gerst í Evrópu í kjölfar Cambridge Analytica málsins. Evrópusambandið býið að gefa út svokallaðan pakka með nokkrum plögum sem vísað er til í umsögn Persónuverndar; samskiptaskjal til stofnana Evrópusambandsins um hvernig tryggja eigi frjálsar og sanngjarnar kosningar, leiðbeiningar um persónuvernd og kosningar, tilmæli um kosningar til Evrópuþingsins og tillögu að reglugerð um breytingu á reglugerð ESB um kosningar til Evrópuþingsins. Þarna er m.a. kallað eftir auknu gagnsæi stjórnmalaflokka um hvert þeirra fjármagn er að fara þegar auglýst er á netinu og stofnun samráðsvettvangs ólíkra aðila sem koma að kosningum.
- Persónuvernd ákvað að senda forsætisráðherra og dómsmálaráðherra bréf 18. janúar sl. og leggja til að samráðsvettvangur viðeigandi stjórnvalda á Íslandi verði stofnaður til að tryggja lýðræðislegar kosningar. Þetta hefur gefið góða raun erlendis. Hér á landi hefur einungis verið stofnaður samráðsvettvangur ólíkra aðila um framkvæmd kosningar í aðdraganda þeirra. Í kjölfar erindisins hefur Persónuvernd fundað með Þjóðaröryggisráði.

- Nefnt dæmi um hnapp á Facebook sem kom upp hjá sumum kjósendum í síðustu kosningum „Mundir þú eftir að kjósa?“. Ekki hafa fengist upplýsingar um af hverju hnappurinn birtist hjá sumum en öðrum ekki.
- Síðan umsögnin var send starfshópnum hefur Persónuvernd birt álit sitt í [máli nr. 2018/831](#) (notkun Reykjavíkurborgar og rannsakenda við Háskóla Íslands á persónuupplýsingum frá Þjóðskrá Íslands fyrir sveitarstjórnarskosningarnar í maí 2018). Rætt um kafla 3.3. í álitinu þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að Þjóðskrá Íslands hefði ekki lagaheimild til að afhenda sveitarstjórnnum lista yfir tiltekna hópa kjósenda eftir tilteknum breytum. Ljóst að skerpa þarf á hlutverki Þjóðskrár Íslands í lögum þar sem framkvæmd er ekki í fullu samræmi við lög. Sú endurskoðun er í gangi skv. ÁJ.
- Persónuvernd telur æskilegt að kjörskrárgerð verði í höndum Þjóðskrár og að skýrt verði í hvaða tilfellum stofnuninni verði heimilt að afhenda kjörskrána.
- Bent á að persónuverndarlög gilda alltaf, óháð því hvað segir í kosningalögum eða lögum um þjóðskrár. Þó flokkar gegni mikilvægu lýðræðislegu hlutverki þá verða þeir að fara að persónuverndarlögum.
- Ný skýrsla fulltrúadeildar breska þingsins *Disinformation and „fake news“*. Starfshópurinn fær sendan tengil. Ljóst að bresku kosningalögin taka ekki til nýrrar tækni sem framboð hafa verið að nýta sér.
- Gott kosningaeftirlit er undirstaðan í allri framkvæmd og hjálpar til við að setja hluti í farveg ef eitthvað kemur upp.
- Lagt hefur verið út frá 56. formálsorðum í persónuverndarreglugerðinni um aðgang stjórnmalasamtaka að kjörskrá.
- Bent á að ef lagt verður til að kjörskrá verði rafræn þarf að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd (MÁP) skv. lögum nr. 90/2018. Einnig er gerð krafa um innra eftirlit. Best væri að gera áhættumat á rafrænni kjörskrá og bera saman við það kerfi sem nú er við lýði.
- Rætt um tölfræðiúrvinnslu í hagskýrslutilgangi. Svigrúm Hagstofu Íslands til að vinna tölfræði úr kosningaskýrslum hefur verið rúmt en krafa er gerð um að niðurstöður séu ópersónugreinanlegar og órekanlegar.
- Þríþætt málefni; stjórnmalasamtök og ótengdir aðilar sem hafa óæskileg áhrif á kosningar, öryggismál (árás á net og kerfi) og vinnsla stjórnmalasamtaka á persónuupplýsingum.

3. Öryrkjabandalag Íslands.

Gestir: Sigurjón Unnar Sveinsson og Stefán Vilbergsson. ÖBÍ hefur ekki sent umsögn til starfshópsins en þáði boð um að mæta á fund hans.

ÖBÍ deilir sjónarmiðum Landssamtakanna Þroskahjálpar um ágalla 63. og 86. gr. laga um kosningar til Alþingis. Benda á að einnig er þörf á að auðvelda fólki að bjóða sig fram og gera kjörgögn skýrari. Samkvæmt skýrslum frá ÖSE og

Sameinuðu þjóðunum er gerð krafa um aðgengi að öllum stöðum og ásættanlega þekkingu kjörstjórna á ákvæðum um aðstoð. Verður að bjóða fötluðu fólki að koma með eigin aðstoðarmann eða að kjörstjórn veiti aðstoðina. Einnig þarf að tryggja forsvaranlega upplýsingaöflun Hagstofunnar. Bent á ósamræmi milli laga um kosningar til Alþingis og laga um kosningar til sveitarstjórnar sem komið hefur verið á framfæri við ritara landskjörstjórnar. ÖBÍ mun senda starfshópnum ábendingar Sp. um framkvæmd 29. gr. samningsin um réttindi fatlaðs fólks.

Árið 2016 var framkvæmd forsetakosninga og alþingiskosninga sérstaklega skoðuð af hálfu ÖBÍ. Könnuðu m.a. aðgengi að kosningaskrifstofum og kjörstöðum og upplýsingar um kosningar á t.d. kosning.is. Upplýsingar skorti oft á tíðum frá sveitarfélögum og yfirkjörstjórnnum um aðgengi. Það sem stóð upp úr var sá skortur sem var á upplýsingagjöf um aðgengi kosninga (t.d. á kjörstöðum, að hjálpargögn væru til staðar, auka við þekkingu kjörstjórna o.fl.) og að skerpa þurfi á lagaákvæðum um aðstoð við fatlað fólk. Einnig er þörf á auðskiljanlegum, tímanlegum og samræmdum upplýsingum en Þroskahjálpi er að vinna um þessar mundir að verkfæri fyrir stofnanir til að veita upplýsingar á auðlesanlegu máli.

ÖBÍ bendir einnig á að engar kröfur eru settar um að kosningaskrifstofur skuli vera aðgengilegar eða að efni stjórn málasamtaka sé aðgengilegt. Að lokum þyrfti að skoða rétt fólks til að kjósa heima hjá sér.

4. Fundur formanns með forseta Alþingis.

BH greinir frá fundi með forseta Alþingis þar sem farið yfir starf starfshópsins, fjallað um umsagnir hagsmunaaðila o.fl.

5. Önnur mál.

Ákveðið að starfshópurinn haldi áfram að funda annan hvern þriðjudagsmorgun fram í júní.

Fundi slitið 10.30.